

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda.

1. gr.

Almennt

Aukin eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í Sveitarfélaginu Hornafirði og mikið framboð á tilbúnum lóðum til byggingaframkvæmda er ástæða þessa tímabundna verkefnis. Það er von bæjarstjórnar Hornafjarðar að reglur þessi ýti undir nýbyggingar í sveitarfélaginu.

Með reglum þessum eru gatnagerðargjöld tímabundið felld niður af tilbúnum lóðum til byggingar íbúðarhúsnæðis.

2. gr.

Markmið og gildissvið

Markmið reglna þessara er að ýta undir nýbyggingar í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn vonast til þess að tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda leiði til aukins framboðs á íbúðarhúsnæði, bæði til eignar og leigu, en ásókn í tilbúna lóðir hefur verið lítil undanfarin misseri.

3. gr.

Skilyrði

Niðurfelling gatnagerðargjalda nær eingöngu til íbúðarhúsnæðis. Óheimilt er að nýta húsnæði, sem fengið hefur gatnagerðargjöld niðurfelld, til starfssemi sem útheimtir starfsleyfi. Gildir takmörkun þessi í þrjú ár frá lokaúttekt húsnæðis.

Þinglýsa skal kvöð á húsnæði sem fengið hefur gatnagerðargjald niðurfellt, um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir 1. mgr. Stafi það af útgáfu starfsleyfis, breyttri notkun eða öðru sem er háð samþykki og/eða umsögn byggingaryfirvalda, er gjalddaginn 30 dögum eftir að forsendur niðurfellingar gatnagerðargjalds er ekki lengur fyrir hendi og eindagi einum mánuði síðar. Kvöð þessi er tímabundin og fellur hún brott að 3 árum liðnum miðað við lokaúttekt húsnæðis.

4. gr.

Gildistími

Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda gildir í 24 mánuði frá samþykkt reglna þessara.

5. gr.

Staðfestingargjald

Lóðarhafi greiðir kr. 100.000 staðfestingargjald við úthlutun lóðar sem endurgreiðist við útgáfu byggingarleyfis.

Lóðarhafi greiðir tengigjöld vatnsveitu og fráveitu.

6. gr.

Heimild til afturköllunar lóðarúthlutunar

Um heimild til afturköllunar lóðar vísast til gildandi reglna sveitarfélagsins um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði, samþykkt í bæjarráði þann 25. ágúst 2008.

7. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar eru á grundvelli 6. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 9. apríl 2015.

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri.